AUGLÝSING

um verkefni tollstjórans í Reykjavík á sviði innheimtumála.

1. gr.

Samkvæmt 5. gr. auglýsingar nr. 69/1969, um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands fer fjármálaráðherra með eftirlit með innheimtumönnum ríkissjóðs. Samkvæmt 1. mgr. 109. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eru tollstjórar um allt land innheimtumenn ríkissjóðs, sbr. skiptingu umdæma skv. 11. gr. laga nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

Fjármálaráðherra hefur ákveðið að fela tollstjóranum í Reykjavík eftirlit sem getið er í 1. málslið 1. mgr. að því leyti sem kveðið er á um í auglýsingu þessari og erindisbréfi tollstjórans í Reykjavík, útgefnu 16. janúar 1997, samkvæmt 1. mgr. 38. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

2. gr.

Tollstjórinn í Reykjavík skal hafa eftirlit með því að innheimta opinberra gjalda sé í samræmi við almennar reglur og fyrirmæli, þannig að tryggt sé að samræmis gæti í framkvæmd.

Tollstjórinn í Reykjavík skal undirbúa og taka ákvarðanir um samræmdar aðgerðir innheimtumanna um allt land vegna innheimtu opinberra gjalda, þ.m.t. vegna vanskila þessara gjalda. Hann skal tilkynna öðrum innheimtumönnum um hvenær og til hvaða aðgerða skuli grípa og veita þeim nauðsynlegar leiðbeiningar um framkvæmd þeirra.

Tollstjórinn í Reykjavík skal veita öðrum innheimtumönnum leiðbeiningar um innheimtu opinberra gjalda.

3. gr.

Tollstjórinn í Reykjavík skal gefa út og birta opinberlega, fyrir hönd innheimtumanna ríkissjóðs, greiðsluáskoranir til greiðenda opinberra gjalda.

4. gr.

Tollstjórinn í Reykjavík skal, fyrir hönd fjármálaráðuneytisins, taka ákvörðun um hvort innheimtumenn ríkissjóðs, fyrir hönd ríkissjóðs, bjóði í eignir á nauðungaruppboðum. Við þá ákvörðun skal tollstjóri taka mið af því hvernig hagsmunum ríkissjóðs sé best borgið.

5. gr.

Tollstjórinn í Reykjavík skal safna upplýsingum um innheimtuárangur einstakra innheimtuembætta í landinu, samkvæmt nánari reglum sem fjármálaráðherra setur. Slíkar upplýsingar skulu sendar reglulega til innheimtumanna og fjármálaráðuneytisins.

6. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 16. janúar 1998.

Friðrik Sophusson.

Magnús Pétursson.